

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kaldrananeshreppi.

Deiliskipulag í landi Klúku í Kaldrananeshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkt þann 30. maí 2005 tillögu að deiliskipulagi í landi Klúku í Kaldrananeshreppi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000, dagsett 14. janúar 2005 og er greinargerð á uppdrætti.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags-og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Drangsnesi, 15. maí 2006.

Jenný Jensdóttir,
oddviti Kaldrananeshrepps.